

Bstj. 21. október 2008

2. mál Umræða um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavíkurborg

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Þetta mál er stórt og mikið og hefur verið til umræðu hér á vettvangi borgarstjórnar og í borgarkerfinu og á vettvangi ríkis og víðar um langan tíma og fjallar um það að nú hefur loksins tekist að undirrita viljayfirlýsingu frá borginni og frá heilbrigðisráðuneytinu um það að gera samning í tilraunaskyni um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík. Þetta er að mínu mati og okkar allra held ég ótrúlega mikilvægt verkefni og samþættingarverkefni sem í raun og veru hófst með undirritun heilbrigðisráðherra og borgarstjóra Reykjavíkur á samkomulagi þess efnis þann 18. nóvember 2003.

Samþættingarverkefnið var tilraunaverkefni til tveggja ára og var starfandi stýrihópur með verkefninu á árunum 2004-2006. Verkefnið var svo framlengt um eitt ár enda sýndi reynslan af því að skipulagt samstarf milli heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu skilaði betri yfirsýn yfir þarfir notenda og heildstæðari þjónustu fyrir hvern og einn sem er auðvitað aðalmarkmiðið. Í lok október 2007 var á fundi velferðarráðs samþykkt að ganga til formlegra viðræðna við heilbrigðisráðuneytið um sameiginlega stjórnun heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu og skyldu þær viðræður byggjast á óformlegum viðræðum sem þegar höfðu átt sér stað á milli aðila. Fyrr á haustmánuðum sama ár hafði verið settur á laggirnar stýrihópur á milli heilbrigðisráðuneytisins og velferðarsviðs og ráðnir höfðu verið verkefnastjórar hjá bæði borg og ríki til að fara með málið. Frá því að þetta var gert hefur verkefninu miðað vel áfram og nú er stefnt að því eins og ég sagði áðan að gera þjónustusamning til þriggja ára frá og með 1. janúar 2009 þar sem kveðið verði á um að heimahjúkrun flytjist til borgarinnar.

Þetta er auðvitað stórt og mikið verkefni og krefst samhæfingu margra ólíkra þátta og að mörgu er að huga hvað þetta varðar, ekki síst varðandi skipulag á starfseminni, starfsmannamálin, hugbúnaðarmál, fjármál og ekki síst hvernig á að veita þjónustuna sem allra best og heilbrigðisráðuneytið hefur þegar sett fram drög að kröfulýsingu um þjónustuna sem nú er í vinnslu hjá stýrihópi. Til upplýsingar þá er þetta stór hópur því á árinu 2007 fengu 3663 íbúar Reykjavíkur félagslega heimaþjónustu og um 2000 íbúar fengu heimahjúkrun. Þannig að þetta er stórt og

Bstj. 21. október 2008

brýnt verkefni sem skiptir mjög miklu máli og það var því ánægjulegt að þessi viljayfirlýsing var undirrituð og ég ætla hér með leyfi forseta að lesa hana.

Heilbrigðisráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík lýsa yfir vilja sínum til að gera samning í tilraunaskyni um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavík. Reynslan af samþættingarverkefni félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrun hefur sýnt að skipulagt starf milli þjónustuaðila skilar betri yfirsýn yfir þarfir notenda og heildstæðari þjónustu við notendur þjónustunnar. Þó er talið að unnt verði að ná enn betri árangri með því að stíga skrefi lengra með samningi um sameiginlegt skipulag og stjórnun þjónustunnar. Jafnframt er talið að aðgangur að þjónustunni verði einfaldari með einni þjónustugátt, þjónustan markvissari og auðveldara að sníða hana að þörfum einstakra notenda. Með ofangreint í huga lýsa heilbrigðisráðherra og borgarstjórinn í Reykjavík yfir vilja til þess að gera þjónustusamning til þriggja ára í tilraunaskyni, þar sem kveðið verður á um að Reykjavíkurborg muni fara með stjórn heimahjúkrunar í borginni. Stefnt er að undirritun sammingsins í október og að hann taki gildi frá og með 1. janúar 2009.

Þetta var undirritað 8. október 2008 og hefur þegar hlotið samþykki borgarráðs enda var þessi viljayfirlýsing háð því. Ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka núverandi formanni velferðarráðs, Jórunni Frímansdóttur og fyrrverandi formanni velferðarráðs, Björk Vilhelmsdóttur fyrir þeirra miklu vinnu og aðkomu að þessu verkefni og um leið líka heilbrigðisráðuneytinu og þeirra fólki og ekki síst sviðsstjóra á velferðarsviði Reykjavíkurborgar sem hefur haldið utan um verkefnið.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur óskað eftir að veita andsvar við ræðu borgarstjóra.

Bstj. 21. október 2008

2. mál Umræða um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavíkurborg

Ólafur F. Magnússon: Forseti, góðir borgarfulltrúar. Ég fagna þeim krafti og árangri sem er að nást núna í samþættingu heimahjúkrunar og heimaþjónustu. Bæði sem fráfarandi borgarstjóri þar sem mikil áhersla var lögð á þessa samþættingu í málefnasamningi síðasta meirihluta og ég fagna þessu auðvitað líka komandi úr þeirri grasrót sem heimilislæknir þar sem heimahjúkrun og heimaþjónusta fer fram.

En ég hef samt eina spurningu af því að forsenda þess að fólk geti verið sem lengst heima er að því sé gert það kleift efnahagslega og það var í málefnasamningi síðasta meirihluta sem komst ekki til framkvæmda að stórhækka viðmiðunartekjur, elli- og örorkulífeyrisþega þannig að þeir gætu sloppið við fasteignagjöld með þó nokkuð hærri tekjur en hingað til.

Þetta er lykilatriði til að gera fólki kleift að vera heima sem lengst og njóta þessarar stórefldu heimaþjónustu og heimahjúkrunar sem við ætlum sannarlega að stuðla að enda vitum við það öll að slík þjónusta er miklu, miklu hagkvæmari fyrir samfélagið heldur en að reisa dýrar stofnanir og miðstýra allri þessari þjónustu. Dreifstýringin heima hjá fólkinu er best.

En því spyr ég: Eru áætlanir hjá núverandi meirihluta um að efna það loforð fráfarandi meirihluta að stórhækka viðmiðunartekjur elli- og örorkulífeyrisþega þannig að þeim sé gert kleift að búa lengur heima hjá sér og þannig séu lækkuð fasteignagjöld elli- og örorkulífeyrisþega? Ég spyr: Verður þessu ákvæði úr síðasta meirihlutasáttmála framfylgt fyrir lok þessa kjörtímabils eða réttara sagt helst við næstu fjárhagsáætlun?

Forseti: Borgarfulltrúi Ólafur F. Magnússon hefur veitt andsvar. Þá svarar andsvari hæstvirtur borgarstjóri.

Bstj. 21. október 2008

2. mál Umræða um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavíkurborg

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég þakka borgarfulltrúanum góðar óskir hvað varðar þetta verkefni enda hefur hann stutt það eins og við öll hér hingað til. Varðandi spurningu borgarfulltrúans þá verð ég að minna borgarfulltrúann á það að sá meirihluti sem var við völd þegar þetta var undirritað er ekki lengur við völd, það er nýr meirihluti í Reykjavík og nýr málefnasamningur. Varðandi spurninguna sem hann nefnir þá get ég ekki upplýst um það í þessari stöðu. Menn eru að fara hér yfir fjárhagsáætlanir eins og við höfum rætt hér ítrekað og skoða það allt í góðri sátt milli meirihluta og minnihluta.

Þetta verkefni er ekki uppi á borðinu, ekki talið kannski brýnasta verkefnið núna. Menn eru að miða að því eins og við höfum rætt hér í umræðunni áðan að treysta það og tryggja að við getum staðið vörð um grunnþjónustuna. Það þýðir talsverðar fórnir af hálfu borgarsjóðs Reykjavíkur eins og allir vita. Þetta er eitthvað sem verður rætt í þessari vinnu, fjárhagsáætlunarvinnunni en ég er ekki reiðubúin til þess að lýsa neinu frekar um það á þessu stigi.

Forseti: Háttvirtur borgarstjóri hefur lokið við að veita andsvar. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir.

Bstj. 21. október 2008

2. mál Umræða um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimþjónustu í Reykjavíkurborg

Björk Vilhelmsdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég fagna því samkomulagi sem náðst hefur um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimþjónustu. Það er merkilegt að við séum fyrst núna árið 2008 að koma á laggirnar heildstæðri þjónustu fyrir þá sem bæði þurfa aðstoð við heimilishald og athafnir dagslegs lífs vegna skertrar getu, hvort sem það er af völdum aldurs, fötlunar eða sjúkdóma. Við erum að tala um þá persónulegu þjónustu sem er hvað viðkvæmast að þiggja og hún er þegin inni á heimili viðkomandi – á griðastaðnum. Mér finnst vert að ræða af hverju það er fyrst núna árið 2008 sem þessi þjónusta er loks komin yfir á einn aðila, þrátt fyrir að öll hagsmunasamtök þeirra sem nýta sér heimþjónustu (hér eftir mun ég bara tala um heimþjónustu þegar ég er að tala bæði um heimahjúkrun og félagslega heimþjónustu). Þó að öll hagsmunasamtök hafi um langt árabíl barist fyrir þessu, faglega hafi lengi legið fyrir að slík þjónusta henti betur þjónustubeganum sem og þeim sem greiða fyrir þjónustuna af opinberu fé. Í samþættri þjónustu felst nefnilega töluverð hagræðing.

Sú viljayfirlýsing sem hér liggur frammi, undirrituð af heilbrigðisráðherra og borgarstjóranum í Reykjavík, Hönnu Birnu Kristjánsdóttur, er um að gera samning í tilraunaskyni til þriggja ára. Hugsum um það þegar við skoðum forsöguna. Þann 18. nóvember 2003, fyrir réttum 5 árum, skrifuðu þáverandi heilbrigðisráðherra, Jón Kristjánsson, og þáverandi borgarstjóri í Reykjavík, Þórólfur Árnason, undir samkomulag um samtvinnun félagslegrar heimþjónustu og heimahjúkrunar. Samkomulagið var ítarlegt og fólst í að undirbúa þá þegar tilraunaverkefni til tveggja ára um sameiginlega stýringu þessara þjónustubátta. Undirbúningur að þessu skrefi í sameiningunni hafði staðið frá því árið 2002 þegar samráðshópur um málefni eldri borgara lagði til að þessir þjónustubættir yrðu samþættir. Stýrihópur sem þá fór af stað lagði síðan grunn að því samkomulagi sem náðist milli ríkis og borgar í nóvember 2003 og var mjög ítarlegt.

Síðan tók samþættingin við árin 2004 og 2005. Að ég best veit lögðu margir á sig ómælda vinnu til að láta þetta ganga upp. Niðurstaðan varð til dæmis betri þjónusta að mati þeirra sem hana veittu og hinna sem nutu hennar, skýrari

Bstj. 21. október 2008

verkaskipting sem leiddi til þess að einfaldari verk sem höfðu verið á hendi heimahjúkrunar fluttust yfir í félagslega heimaþjónustu sem er mun ódýrara úrræði. Þó að ég sé ekki hrifin af því að gera einstaklinga mjög meðvitaða um samfélagslegan kostnað af þjónustu við þá, þá kom fram í lokaskýrslu þessa verkefnis að samfélagslegur kostnaður fyrir 85 ára einstakling með töluvert mikla hjúkrun sem fékk jafnmikla þjónustu fyrir og eftir samþættingu var 80.000 á viku fyrir samþættingu en 57.500 eftir samþættingu. Það var semsagt 28% lægri kostnaður eftir samþættinguna en fyrir. Þessar tölur og fleiri athyglisverðar niðurstöður er að finna í þessari lokaskýrslu sem skrifuð var af Berglinni Magnúsdóttur verkefnisstjóra og skilað var 1. febrúar 2006. Það er hægt að leika sér heilmikið með þessar tölur því ef við erum að spara 22.000 á viku fyrir einn einstakling þá þýðir það um 90.000 á mánuði eða ein milljón á ári og það eru ekki fáir einstaklingar sem nýta sér svo mikla þjónustu í heimahús eins og þetta dæmi er um.

Þrátt fyrir þessa skýru niðurstöðu bæði hvað varðar innihald þjónustunnar og kostnað sá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið ekki ástæðu til að heimahjúkrun flyttist yfir og var ástæðan sögð sú að sameining sveitarfélaga væri ekki komin nægjanlega langt á leið. Við í Reykjavík vorum sett undir þann hatt og fengum ekki áframhald á þessu verkefni hversu ótrúlegt sem það virðist þegar hagræðingin var þetta mikil og hvað þjónustuþegarnir voru ánægðir með þetta. Velferðarráð reyndi hvað það gat. Þáverandi formaður ráðsins, eða sú sem hér stendur, lagði fram tillögu í velferðarráði sem var samþykkt einróma 23. janúar 2006 sem var svohljóðandi með leyfi forseta:

Velferðarráð Reykjavíkurborgar samþykkir að unnið skuli að varanlegri samþættingu heimaþjónustu og heimahjúkrunar í Reykjavík, sem staðið hefur yfir sl. tvö ár sem tilraunaverkefni. Það sýnir sig að þessi þjónusta skiptir sköpum um hvort fólk sem er aldrað, fatlað eða langveikt treysti sér til að búa á eigin heimilum. Því er lagt til að starf stýrihóps og verkefnisstjóra verði óbreytt í eitt ár til að undirbúa þetta. Velferðarráð telur mikilvægt að þessi starfsemi sé á einni hendi og ítrekar fyrri viljayfirlýsingar um að taka yfir nærþjónustu sem nú er á hendi ríkisins við þá sem þurfa margþætta þjónustu inn á heimili sín.

Svona lýkur þessari tillögu. En sem betur fer tók nýr meirihluti undir forystu núverandi formanns, Jórunnar Frímansdóttur, borgarfulltrúa og hjúkrunarfræðings, við keflinu strax í upphafi þessa kjörtímabils og nýr stýrihópur

Bstj. 21. október 2008

var skipaður í júní 2006. Byrjað var að vinna með ráðuneytinu bæði með óformlegum og formlegum hætti. Nú er komið undir lok árs 2008. Fimm ár eru liðin frá því að undirritað var samkomulag um tilraunaverkefni. Ástæðurnar fyrir þessum óratíma eru eflaust margar og flækjustigin sem kerfin sjálf skapa eru ótalmörg, en það er óþarfi að fara út í þá neikvæðu umræðu hér þegar við fögnum þessum geysilega merka áfanga í þjónustusögu ríkis og borgar. En undanfarnar vikur hefur verið mikið rætt um mikilvægi þess að læra af reynslu. Mér finnst full ástæða til að læra af þessari reynslu.

En það sem fær mig til að fara yfir þessa stöðu hér er ekki það að ég vilji endilega merkja upphaf þessa máls til þess tíma sem ég stýrði þessum málaflokki. Það er alls ekki málið enda mest um vert er að nú er málið í höfn undir forystu núverandi formanns velferðarráðs þó svo um annað tilraunaverkefni sé að ræða. Ástæðan fyrir þessari ræðu er sú að við núverandi efnahagsástand sé ég mikil tækifæri í því að fjölga þeim verkefnum sem sveitarfélögin taka við af ríkinu. Því þurfum við að læra fljótt og vel og byggja á þeirri þekkingu sem hafur skapast. Nú á tímum efnahagsþrenginga er tækifæri að endurhugsa verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Það er óumdeilt að sveitarfélögin séu best til þess fallin að sinna nærþjónustu við íbúa landsins. Hagræðing skapast af því að einn aðili beri ábyrgð á og sjái um stjórnun verkefna á sama sviði. Sveitarfélögin sem grunneiningar samfélagsins þurfa að eflast á næstu árum á sama tíma og þrengir að hjá fólki og atvinnuleysi verður mun meira en áður. Þeir sem standa höllum fæti í dag vegna félagslegra aðstæðna, öldrunar, fötlunar og/eða sjúkdóma verða enn viðkvæmari fyrir fyrirsjáanlegum breytingum og því mikilvægt að stýra þjónustu við þessa sömu hópa þannig að hún mæti þörfum þeirra sem best. Minni tekjur hins opinbera, ríkis og sveitarfélaga kalla á hagræðingu sem þó bitnar ekki á þeim sem síst skyldi. Við höfum niðurstöður um slíka hagræðingu sem ekki hafa verið dregnar í efa.

Nú er unnið að því samkvæmt samþykkt núverandi ríkisstjórnar og landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga að yfirfæra málefni fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga árið 2011 og málefni aldraðra 2012. Það má ekki verða seinna og ég held að við núverandi efnahagsástand gætum við flýtt því. Þá hefur lengi verið rætt um að vinnumiðlun ætti heima hjá sveitarfélögunum eins og hún var áður

Bstj. 21. október 2008

enda bera sveitarfélögin ábyrgð á framfærslu þeirra sem ekki fá vinnu þegar atvinnuleysisbótum lýkur. Heilsugæslan hefur lengi verið til skoðunar enda almenn nærþjónusta og forvarnir. Þá er heilsugæslan sem áður var á hendi sveitarfélaganna skipulögð út frá hverfum og búsetukjörnum, oft algerlega bundin við sveitarfélagamörk.

Þá er það framhaldsskólinn svo ég taki enn meira undir. Menntun barnanna okkar byrjar með leikskóla og náminu á ekki að ljúka fyrr en við lok framhaldsskóla hvort sem það er með stúdentsprófi, sveinsprófi eða með starfsréttindanámi. Því finnst mér að kanna megí hvort sveitarfélögin eigi ekki að taka grunnmenntunina alla leið úr því að við höfum mótað stefnu á landsvísu að framhaldsmenntun eigi að vera í heimabyggð. Þrátt fyrir að mér og öðrum sé tíðrætt um verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga þá snýst þetta ekki um þessar stjórnsýslueiningar. Þetta snýst um fólkið sem býr með okkur, nágretta okkar, vini og fjölskyldur. Við erum í öllum tilfellum að tala um fólk sem eðli málsins samkvæmt þarf þjónustu frá samfélaginu eins og við öll þurfum á að halda á einum eða öðrum tíma í lífi okkar.

Notum tækifærið og lærum af reynslu síðustu ára. Það sem er svo sjálfsagt og eðlilegt eins og það að einn aðili stýri viðkvæmri þjónustu inn á heimili fólks sem býr við skerta getu, hefur tekið fimm löng ár frá samkomulagi og í raun mun lengri tíma. Og enn er útfærslan eftir. En nú höfum við reynslu og þekkingu á samningum bæði við heilbrigðisráðuneytið vegna þessa samkomulags heimahjúkrunar og félagsmálaráðuneytið vegna þjónustu við geðfatlaða. Í stað þess að fagna þessum áföngum og slaka á vil ég byrja á morgun að taka næstu skref. Sveitarfélögin þurfa fleiri verkefni, íbúar þeirra eiga skilið að nærþjónustan sé veitt af þeim sem eru nærri og ríkið þarf að einbeita sér að því næstu árin að stjórna bönkum og greiða niður skuldir. Því er framtíðin í hendi okkar og við skulum nýta okkur það tækifæri.

Forseti: Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls Þorleifur Gunnlaugsson, borgarfulltrúi.

2. mál Umræða um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavíkurborg

Þorleifur Gunnlaugsson: Forseti, borgarfulltrúar. Þegar horft er til jafnviðamikilla breytinga og hér eru til umræðu er það mikilvægt að hafa þrennt í huga. Hagsmuni skattgreiðenda, hagsmuni starfsfólks og síðast en ekki síst hagsmuni þeirra sem þjónustunnar eiga að njóta. Sameining félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar er hagstæð hvað kostnað varðar eins og borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir sagði hér áðan. Það segir sig sjálfst að samlegðaráhrif geta orðið mikil þegar einn starfsmaður getur jafnvel sinnt því sem tveir hafa gert áður. Hjúkrunarfræðingar, félagsliðar og ófaglærðir geta skipt með sér verkum á praktískari hátt.

Allt eftirlit verður einfaldara og yfirstjórnin er á einum stað. Á sama hátt njóta þjónustuþegar góðs af samræmingunni sem margir þeirra hafa beðið lengi eftir. Ef vel tekst til verður þjónustan markvissari og öryggi hvað þá varðar. Þriðji þátturinn, það er að segja hagsmunir starfsfólks, er að öllum líkindum vandmeðfarnasti þáttur þessa verkefnis. Starfsfólk heimahjúkrunar er á vissan hátt að koma úr annari átt en starfsfólk félagslegrar heimaþjónustu. Heimahjúkrun er miðlæg í dag en heimaþjónustan hverfavædd. Svo mun verða áfram um tíma en að sjálfsögðu hlýtur að vera hagræði í því að þjónusta sé á einum stað og tilraunatíminn þrjú ár er að mínu mati of langur.

Menntun starfsfólksins er misjöfn og launataxtar hver úr sinni áttinni. Þetta eru verkefni sem þarfnast vandvirkni og þolinmæði. Það ríður á að allt starfsfólkið verði vel upplýst og að gefa öllum tækifæri til að koma með athugasemdir til þess að forða ónauðsynlegum hnökrum og forða árekstrum. Heimahjúkrun og félagsleg heimaþjónusta er nauðsynleg þjónusta. Hún gerir öldruðum og fötluðum kleift að búa lengur á heimilum sínum sé þess óskað. Hún er mikilvægur hluti þeirrar grunnþjónustu sem við borgarfulltrúar höfum heitið að standa vörð um.

Ef vel tekst til er um að ræða þægilegan kost fyrir þá sem þjónustuna þiggja og hagkvæmt úrræði fyrir borgina. En jafn mikilvægt og úrræðið er er það viðkvæmt og lítið má fara úrskaiðis. Okkur borgarfulltrúum er það kannski ljósara nú þegar fyrirtæki af öllum stærðum og gerðum eru að sigla í þrot hversu mikilvægt það er að grunnþjónusta sem þessi sé rekin af opinberum aðilum. Forseti, borgarfulltrúar.

Bstj. 21. október 2008

Sameining félagslegrar heimaþjónustu og heimahjúkrunar er framsýnt verkefni og mikið liggur við að vel takist til.

Forseti: Borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson hefur lokið máli sínu og næst tekur til máls borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir.

Bstj. 21. október 2008

2. mál Umræða um sameiningu heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu í Reykjavíkurborg

Jórunn Frímansdóttir: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil nú bara byrja á að segja að þetta er mikið framfaraskref í þágu borgarbúa sem verið er að stíga hér og sú yfirlýsing sem skrifað var undir hér 8. október síðastliðinn af heilbrigðisráðherra og borgarstjóranum í Reykjavík var, eins og borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir kom inn á áðan, löngu tímabær. En við erum allavega komin hingað og þó það hafi tekið langan tíma þá hefur svo sannarlega verið unnið að því með ráðum og dáð, ef við getum orðað það svo, bæði af núverandi formanni velferðarráðs og fyrrverandi formanni á þessu kjörtímabili og það var byrjað á því síðasta. En mig langar aðeins að fara yfir aðdragandann að þessu, svona ekkert í löngu máli en þó aðeins að stikla á stóru.

Ég hef svosem ekki miklu við að bæta frá því sem borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir kom inn á hér áðan en auðvitað byggjum við á þessu samþættingarverkefni sem svo sannarlega var hér og hefur verið unnið að hér frá 2004. En strax þegar ég tek við sem formaður velferðarráðs hér sumarið 2006, þá er það eitt af mínum fyrstu stóru verkefnum sem mér fannst ég standa frammi fyrir, það var að ná þessu með einhverjum hætti að sameina hér heimahjúkrun og heimaþjónustu. Ég er jú hjúkrunarfræðingur að mennt og mér finnst þetta skipta gríðarlega miklu máli. Ég hef unnið við heimahjúkrun bæði hér heima og erlendis þar sem að þessi þjónusta var sameinuð og ég tók svolítið þann pólinn að setja allt í þetta.

Ég byrjaði strax að óska eftir viðræðum við þáverandi heilbrigðisráðherra en það bar nú reyndar ekki árangur sem erfiði og af þeim fundi varð ekki fyrr en að nýr heilbrigðisráðherra tók við sem er í mínum flokki og kannski hægari heimatökin, ég veit það ekki en auðvitað er alltaf auðveldara að ýta og vera ýtinn við einhverja sem maður þekkir og ég gafst ekkert upp gagnvart núverandi heilbrigðisráðherra, Guðlaugi Þór, sem tók líka erindinu bara mjög vel og hafði á því fullan skilning að þetta væri að sjálfsögðu sú leið sem við skyldum stefna að og við skyldum finna leið til að sameina þessa þjónustu í þágu þjónustuþega og borgarbúa.

Það var semsagt þá um sumarið fyrir rúmu ári síðan sem ég átti minn fyrsta fund niðri í heilbrigðisráðuneyti með þáverandi skrifstofustjóra, Ragnheiði, og við

Bstj. 21. október 2008

fórum svona að kortleggja hvernig hægt væri að gera þetta. En það var alltaf einhvern veginn hugsunin að flytja heimahjúkrun eða jafnvel heilsugæsluna alla yfir og allt þetta en þegar maður fór að skoða þetta þá var kannski einfaldara og auðveldara að reyna að knýja á um breytingar með því að fara í þjónustusamning eða tilraunaverkefni. Upphaflega hugmyndin sem ég talaði um einmitt inni í velferðarráði á þeim tíma var að jafnvel gera þetta með mismunandi hætti hér í hverfum borgarinnar en lendingin er miklu miklu betri heldur en það. Við erum að ganga skrefið, finnst mér, alla leið. Við erum að fara hér í tilraunaverkefni til þriggja ára þar sem að öll heimahjúkrun flyst yfir til borgarinnar. Ekki bara í einstökum hverfum eða með einstökum litlum verkefnum.

Nú, borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson kom inn á það hér áðan að honum finnst þrjú ár vera langur tími, ég held að þrjú ár séu alls ekki langur tími í þessum skilningi. Þetta er bara það stórt verkefni og það þarf svolítið að fá að mótast núna eftir að af flutninginum hefur orðið, þá þurfum við að ná sameiningu algjörlega út á feltið, út í þjónustuna við borgarbúana. Það er jú þannig að hér verður til ný skipulagseining á velferðarsviði Reykjavíkurborgar um áramót sem heitir heimaþjónusta Reykjavíkur og síðan verður unnið að sameiningunni milli starfsfólksins, sem er að vinna þarna úti, áfram og þetta verður svo sannarlega sameining, sameinuð þjónusta undir einni stjórn og borgarfulltrúi Þorleifur Gunnlaugsson kom inn á það líka hér áðan að það væri jafnvel einn starfsmaður sem gæti sinnt því sem tveir gerðu áður. Ég dreg það nú í efa en hins vegar skiptir miklu máli að þetta séu sameinuð teymi.

Það er verið að hugsa, það er sameiginlega verið að þjónusta einstaklingana sem á þjónustunni þurfa að halda þó að verkin séu að sjálfsögðu kannski ekki endilega mikið breytt, þá verður stjórnin sameinuð og einfaldari þar af leiðandi og skilvirkari og mun klárlega leiða til hagræðingar. Þetta er ofsalega mikilvægt skref. Þetta er mikilvægt skref í því að koma til móts við áherslur samfélagsins um samþætta þjónustu við einstaklinga sem dvelja og velja að vera í heimahúsum og þurfa til þess mikla og margvíslega aðstoð.

Aðeins, ef ég held áfram, varðandi aðdragandann að þá var það síðan haustið 2007 sem þáverandi borgarstjóri Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson og heilbrigðisráðherra ákváðu að við skyldum stíga þetta skref, við skyldum fara í það að sameina þessa

Bstj. 21. október 2008

þjónustu og það var jafnframt samþykkt þá í velferðarráði að ganga skrefið alla leið. Síðan í febrúar 2008, núna semsagt fyrir nokkrum mánuðum síðan, þá var skipaður stýrihópur sem hefur verið að vinna að þessu allar götur síðan, hefur fundað að ég held nánast vikulega og oftár ef á hefur þurft að halda en þessi stýrihópur er samansettur frá þremur starfsmönnum frá velferðarsviði og þremur frá heilbrigðisráðuneytinu og ráðinn var sameiginlega verkefnisstjóri til þess að halda utan um verkefnið. Stýrihópurinn hefur aðeins vaxið síðan og er nú orðinn fjórir frá hvorum aðila ásamt verkefnisstjóra enda verkefnið geysilega stórt og mikið.

Það er mikil vinna sem hefur átt sér stað og það er mikil vinna framundan. Það er þannig að það hefur verið lögð mikil áhersla á það að upplýsa starfsmenn sem málið snertir og fá þá inn í vinnuna og það var strax núna í vor að það voru haldnir fundir með bæði starfsmönnum heimaþjónustunnar og heimahjúkrunar og í framhaldi af því voru myndaðir starfshópar, sameiginlegir hópar þessara starfsmanna og starfseininga sem hafa unnið að þessari sameiningu og undirbúningi að því að þessi yfirflutningur geti orðið nú um áramót. Í framhaldi af því að skrifað var undir viljayfirlýsinguna var samþykkt í velferðarráði nýtt skipurit þar sem að kemur inn ný skipulagseining; heimaþjónusta Reykjavíkur, og það skiptir jú miklu máli í þessu öllu saman hvað varðar að upplýsa starfsmenn að það auðveldar það að hægt sé að sjá hvernig einingin mun funka strax um áramót og hvernig starfinu verður háttað þegar yfirflutningurinn er genginn yfir. Það hafa verið viðræður við hagsmunasamtökin sem hafa náttúrulega þrýst á þessa breytingu núna til langs tíma og þau hafa lýst yfir mikilli ánægju með gang mála og við leggjum áherslu á það að vera í góðu sambandi við hagsmunasamtökin og halda þeim upplýstum um hvernig staða mála er.

En ég segi, enn og aftur, þetta er mikið framfaraskref, það er gaman að geta sagt frá þessum mikla áfanga sem við erum að ná hérna í Reykjavík. Borgarfulltrúi Björk Vilhelmsdóttir kom inn á það áðan hvað hann skiptir miklu máli, þessi samningur sem búið er að vinna eða er verið að vinna, þessi gríðarlega stóri þjónustusamningur sem verið er að vinna gagnvart ráðuneytinu varðandi það að taka við verkefninu til þriggja ára. Það er líka mikil reynsla, að sjálfsögðu, sem við búum að eftir að hafa skrifað undir þjónustusamning varðandi yfirflutning á

Bstj. 21. október 2008

málefnum geðfatlaðra og yfirlýsingu um að ganga enn lengra í þeim málaflokki nú um áramót líka. Þannig að það er heilmikið jákvætt að gerast hér í Reykjavík, það eru margir jákvæðir hlutir og við eigum að halda þeim svolítið á lofti núna, mér finnst mikilvægt að við upplýsum borgarbúa um gang mála og ekki síst þegar við erum að stíga framfaraskref sem þetta.

Það er mér mikil ánægja að geta greint frá þessum tíðindum. Ég vona að með þessum skipulagsbreytingum og samstilltu átaki þeirra hæfu starfsmanna sem munu halda uppi heimaþjónustu Reykjavíkurborgar njóti þeir sem á þessari þjónustu þurfa að halda enn betri þjónustu á næstu árum.

Forseti: Borgarfulltrúi Jórunn Frímannsdóttir hefur lokið máli sínu. Ekki hafa fleiri kvatt sér hljóðs og er umræðum lokið um þennan dagskrárlið og þá er tekinn fyrir næsti liður á dagskrá borgarstjórnar, þriðji liður og það er fundargerð borgarráðs frá 9. október og það er fundargerð borgarráðs frá 16. október og þar koma tveir liðir til atkvæðagreiðslu, það er að segja 12. liður og 20. liður. Borgarfulltrúi Sigrún Elsa Smáradóttir tekur til máls.